

**Nr. 102 / 09 Rósa í Brún PH 80*****Stjórnvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 6880  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987, plast  
Stærð: 5,7 brl. 4,9 bt.  
Mesta lengd: 7,73 m Skráð lengd: 7,65 m  
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,46 m  
Vél: BMW 33 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 2



Rósa í Brún ©mbl.is

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. ágúst var Rósa í Brún PH 80 á siglingu skammt suður af Mánáreyjum. Veður: V 5 m/sek.

Á siglingunni varð báturinn stjórnvana og óskaði skipstjóri eftir aðstoð. Nærstaddur bátur, Kristín Ólöf PH 177, kom og dró bátinn til Húsavíkur.

***Við rannsókn kom fram:***

- að stýristjakkurinn losnaði af stýrissveifinni. Hersluró hafði skrúfast laus af bolta sem kemur upp úr sveifinni sem tjakkurinn er settur upp á. Um var að ræða venjulega ryðfría ró og ekki var gert ráð fyrir splitti. Skipstjórinn taldi rétt að útbúa þetta með splitti.

***Nefndarálit:***

Nefndin telur orsök atviksins vera ófullnægjandi frágangur á stýrisbúnaði.